


ARSIDING

KIKI



'83

Á R S S K Ý R S L A

KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS

1982 - 1983

Stjórnarkjör:

Á 22. ársþingi KKI voru eftirtalin kjörin í stjórn sambandsins fyrir komandi starfsár:

Formaður:	Helgi Ágústsson
Stjórnarmenn til tveggja ára:	Einar Bollason Guðni Ölversson

Sjálfkjörin til eins árs voru:

Kolbrún Jónsdóttir  
Gunnar Valgeirsson

Í varastjórn voru kjörin:

Þórdís Anna Kristjánsdóttir  
Hrannar Haraldsson

Stjórnarmenn skiptu með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Helgi Ágústsson, formaður  
Gunnar Ölversson, varaformaður  
Kolbrún Jónsdóttir, gjaldkeri  
Gunnar Valgeirsson, ritari  
Einar Bollason, meðstjórnandi



Nefndir, dómstóll og endurskoðendur 1982 - 1983:

• Mótanefnd: Jón Otti Ólafsson, formaður  
Boði Þorsteinsson  
Agúst Líndal

• Dómaranefnd: Jón Otti Ólafsson

• Landsliðsnefnd: Steinn Sveinsson  
Kristinn Stefánsson  
Kolbeinn Kristinsson  
Agnar Friðriksson

Útlendinganefnd: Halldór Einarsson  
Rúnar Brynjólfsson  
Boði Þorsteinsson

• Aganefnd: Jón Eysteinnsson  
Einar Matthíasson  
Hrafn Johnsen  
Birgir Ö. Birgis, varamaður

Dómstóll KKI: Gísli Gíslason, formaður  
Helgi Ágústsson  
Jón Jörundsson  
til vara:  
Sigurður Jónsson  
Sigurður Þórarinnsson  
Kolbeinn Pálsson

Endurskoðendur: Gunnar Gunnarsson  
Hólmsteinn Sigurðsson

Fræðslustjóri: Gunnar Gunnarsson

## Stjórnarstörf:

Alls voru haldnir 32 bókaðir fundir á starfstímabili fráfarandi stjórnar, þar sem stjórnarmenn komu saman til að vinna að ákveðnum verkefnum.

Helstu verkefni stjórnarinnar voru:

1. Ráðning framkvæmdastjóra
2. Innheimta útistandandi skulda félaganna við KKÍ
3. Fjáröflun, landshappdrætti
4. Undirbúningur Íslandsmóts
5. Nýtt keppnisfyrirkomulag yngri flokka
6. Útgáfa leikjabókar
7. Undirbúningur bikarkeppni, skólamóts, firmakeppni
8. Hlutþengi og áhugamannaréttindi Péturs Guðmundssonar
9. Sjónvarpsmál
10. Fundir með allsherjarnefnd
11. Fundir með öðrum nefndum og fræðslufulltrúa
12. Lokahóf KKÍ
13. Fundur með dómurum
14. Styrkur Menningarstofnunar Bandaríkjanna
15. Ráðstefna um körfuknattleiksmál

Upplýsingar um störf hinna ýmsu nefnda koma fram í skýrslum þeirra og fræðslustjóra.



### Ráðning framkvæmdastjóra:

Þar eð Örn Andrésson framkvæmdastjóri KKI hafði sagt upp störfum er stjórnin tók við varð það eitt af fyrstu verkefnum hennar að kanna möguleikana á ráðningu nýs framkvæmdastjóra. Eftir nokkra eftirgrennslan og athugun tókst að ráða Helga Helgason til starfans og hefur hann gegnt hálfu starfi hjá KKI og skrifstofan verið opin alla virka daga eftir hádegi. Ráðning Helga í þetta starf hefur reynst mjög heilladrjúg og þarf ekki að orðlengja um ágæti hans frekar. Atorka hans, áhugi, dugnaður og framkoma eru öllum vel kunn. Því miður mun Helgi ekki gegna starfi framkvæmdastjóra KKI næsta starfsár, en mun engu að síður tilbúinn til starfa á vegum KKI á öðrum vettvangi. Þakkar stjórnin hér með Helga hans góðu störf.

### Skuldir félaganna við KKI:

Gangskör var gerð að því að innheimta útistandandi skuldir félaganna við KKI með bréfi og símtölum við forráðamenn félaganna. Nokkur áranður varð af þeirri innheimtu og í því sambandi má taka fram, að stjórn KKI gat oreitt götu féлага er e.t.v. hefðu með öllu lagt niður iðkun körfuknattleiks í náinni framtíð og telur stjórnin sig hafa stuðlað að áframhaldandi starfi a.m.k. um sinn.

### Fjáröflun, landshappdrætti:

Stjórnin ákvað á fyrsta fundi sínum að efla til landshappdrættis KKI er hafa skyldi það markmið að treysta fjárhag sambandsins og félaganna um land allt. Ákveðið var að vinna að þessu verkefni í samráði við landsliðsnefnd. Miðaverð var ákveðið kr. 50.- og fengu félögin 30. - kr. í sinn hlut af seldum miða. Landsliðsnefnd tók að sér að leggja til vinningana. Tæplega 4500 miðar seldust. Nokkur félög endursendu alla sína miða, en önnur höfðu verulegar tekjur af happdrættinu.

### Undirbúningur Íslandsmóts:

Mikil vinna var að venju við undirbúning Íslandsmótsins. Hvíldi hún aðallega á herðum framkvæmdastjóra. Kappkostað var að hafa mótaniðurröðun tilbúna mjög snemma og reyndist það unnt. Mjög æskilegt hefði verið að KKI hefði verið sýndur meiri skilningur af hálfu ÍBR og er vonandi að unnt verði í framtíðinni að ráða þar verulega bót á. Mikið var um að lið drægju sig fyrirvaralaust úr keppni, sem telja verður mjög ámælisvert og veldur geysilegri vinnu og álagi á stjórn, framkvæmdastjóra og mótanefnd. Telja verður að mótið hafi gengið



vel fyrir sig að öðru leyti og vill stjórn KKI þakka öllum þeim aðilum sem stóðu að framkvæmd mótsins fyrir vel unnin störf.

#### Nýtt keppnisfyrirkomulag yngri flokka:

Mjög erfitt hefur reynst á undanförunum árum að koma fyrir keppni í yngri flokkum og fá starfsmenn til að sjá um framkvæmdina. Var því ákveðið að taka upp til reynslu svokallaðar "turneringar" og tókust þær að sumu leyti vel en að öðru leyti illa. Ætti að hafa fengist reynsla sem hægt verður að taka mið af í komandi Íslandsmóti ef haldið verður áfram með þetta fyrirkomulag að nokkru eða öllu leyti.

#### Útgáfa leikjabókar:

Útgáfa leikjabókar tókst mjög vel og hafði framkvæmdastjóri veg og vanda af útgáfu hennar. Samband íslenskra samvinnufélaga sá um prentunina og tekjur urðu nokkrar af útgáfu hennar.

#### Undirbúningur bikarkeppni, skólamóts og firmakeppni:

Þessar keppnir eru að sjálfsögðu fastir liðir í starfi KKI en kalla á mikla vinnu af hálfu stjórnarinnar. Heiðurinn af framkvæmdum við þessar keppnir eiga framkvæmdastjóri og Kolbrún Jónsdóttir. Finng kom Þórdís Kristjánsdóttir þar við sögu og formaður tók að sér dómaraströf í úrslitaleikjum þótt engar sögur fari af ágæti dómgaeslu hans.

#### Hlutgengi og áhugamannaréttindi Péturs Guðmundssonar:

Mál Péturs Guðmundssonar var rætt á nokkrum stjórnarfundum og viðræður hafðar við FIBA um hlutgengi hans í íslenskum körfuknattleik. Tryggði stjórnin sér rétt til að fulltrúar Íslands gætu rætt mál hans á fyrirhuguðu þingi FIBA á Kýpur 13. júní n.k. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um val fulltrúa okkar á þingið enn sem komið er. Málið var rætt við ýmsa erlenda aðila og þeim kynnt sjónarmið okkar. Má tvímælalaust telja að hér fari ekki saman lög og réttlæti hjá æstu yfirstjórn körfuknattleiksmála og hafa margir sýnt málinu áhuga og skilning.



### Sjónvarpsmál:

Gengið var frá samningi við sjónvarpið um greiðslur fyrir útsendingu frá körfuknattleiksleikjum. Æskilegt væri að hægt væri að hækka þessar tekjur verulega frá því sem nú er, en nokkur snuðra hljóp á þráðinn milli okkar og Bjarna Felixsyni, sem vonandi er úr sögunni. Vart var við mjög aukinn áhuga á körfuknattleik í sjónvarpinu vegna útsendinga á úrslitakeppninni í NBA.

### Fundir með allsherjarnefnd:

Nokkrir fundir voru haldnir með allsherjarnefnd eins og lög gera ráð fyrir og voru þeir vel heppnaðir í öllu tilliti. Þeir eru vel til þess fallnir að auka skilning og starf fyrir bæði fyrir stjórn KKI og félögin og ættu allir að kappkosta að láta sig ekki vanta á þessa fundi.

### Fundir með öðrum nefndum og fræðslufulltrúa:

Nokkrir fundir voru með þessum aðilum sem fjölluðu að verulegu leyti um framkvæmd hinna ýmsu mála sem voru til meðferðar hjá þeim hverju sinni. Þessum verkefnum er nánar gerð skil í skýrslum þessara aðila er liggja fyrir þinginu.

### Lokahóf KKI:

KKI hélt velheppnað lokahóf í Gaflinum í Hafnarfirði. Fóru þar fram verðlaunaafhendingar, en síðan var stiginn dans.

### Fundur með dómurum:

Haldinn var fundur með dómurum til að kanna möguleikana á að styrkja þennan þátt starfseminnar frá því sem nú er. Góð þátttaka var í fundinum af hálfu starfandi dómara.

### Styrkur Menningarmálastofnunar Bandaríkjanna:

Menningarmálastofnun Bandaríkjanna á Íslandi veitti KKI 1500 dollara styrk á árinu til útbreiðslustarfsemi. Nýttist hann í námskeiðahaldi sem Jim Dooley þjálfari Í.R. stóð fyrir.

Ráðstefna um körfuknattleiksmál:

Stjórnin undirbjó og hélt ráðstefnu á Hótel Esju 12. apríl s.l. um nokkur verkefni er snerta körfuknattleik. Æskilegt hefði verið að fleiri hefðu tekið þátt í ráðstefnunni en raun bar vitni, en flestir sem ráðstefnuna sóttu munu sammála um að hún hafi tekist vel að öllu leyti. Á ráðstefnunni voru til umræðu ýmis mál til undirbúningis þingstörfum nú í ár.

Icebasket:

Margrét Eiríksdóttir sá um framkvæmd varðandi Icebasket-mót nú í vor. Kann stjórnin henni góðar þakkir fyrir.



## SKÝRLA MÓTANEFNDAR

Störf mótanefndar gegnu fyrir sig á svipaðan hátt og undanfarin ár.

Sú nýbreytni var tekin upp í vetur að allir yngri flokkar voru leiknir í "turneringum", ekki voru menn á eitt sáttir með ágæti þess fyrirkomulags, en þing KKÍ ætti að vera ágætur umræðugrundvöllur um það mál.

Í vetur var í fyrsta sinn keppt í svokallaðri "Lávarðadeild", þar sem leikmenn voru 30 ára eða eldri, og var tími til kominn.

Hvernig framkvæmd mótanna gekk verða aðrið að dæma um, en á ýmsu gekk. Eitt er það sem vert er að minnast á, en það er í sambandi við umsjónir félaganna með heimaleikjum sínum sérstaklega nokkrum Reykjavíkurfél-  
aganna. Oft kom fyrir að leikir drægjust á langinn vegna þess að starfs-  
fólk vantaði. Var hvítleitt að sjá menn hlaupa um áhorfendapalla og  
leita af fólki til að skrifa eða taka tíma um það leiti sem leikur átti  
að vera byrjaður.

Þarna er úrbóta þörf.

Hér á eftir koma svo úrslit í hinum ýmsu mótum.

### Úrslit í Íslandsmóti og bikarkeppni.

#### Úrvalsdeild karla.

	L	U	T	Stig
Valur	20	15	5	30
ÍBK	20	14	6	28
ÍR	20	9	11	18
KR	20	8	12	16
UMFN	20	8	12	16
Fram	20	6	14	12

Valur er því Íslandsmeistari í körfuknattleik 1983, en lið Fram féll í 1.deild.

#### 1.deild kvenna

	L	U	T	stig
KR	16	16	0	32
ÍR	16	8	8	16
ÍS	16	7	9	14
UMFN	16	5	11	10
Haukar	16	4	12	8

KR er Íslandsmeistari í körfuknattleik kvenna 1983.

#### 1.deild karla

	L	U	T	stig
Haukar	16	14	2	28
ÍS	16	11	5	22
Þór	16	10	6	20
UMFG	16	5	11	10
UMFS	16	0	16	0

Lið Hauka mun leika í Úrvalsdeild að ári, en það sem aðeins 5 lið léku í 1.deild í stað 6 fellur ekkert lið í 2.deild.

#### 2.deild karla

Í annarri deild karla var leikið í fjórum riðlum.

<u>A-riðill</u>	<u>B-riðill</u>	<u>C-riðill</u>	<u>D-riðill</u>
UBK í úrslit	UMFL í úrslit	KFÍ í úrslit	ÍME í úrslit
Reynir	ÍA	HK	Sindri
Léttir	Tindastóll	Bræður	SE
Esja		Drangur	



HK og KFÍ léku aukaleik í C-riðili um sæti í úrslitum og sigruðu Ísfirðingar með 71 stig gegn 53.

Úrslitakeppni fór fram í Keflavík 12.og 13.mars. Úrslit urðu sem hér segir:

ÍME : UMFL	72:98
KFÍ : UBK	76:79
KFÍ : UMFL	79:76
UBK : ÍME	88:75
KFÍ : ÍME	91:71
UBK : UMFL	81:91

Af þessu sést að þrjú lið urðu jöfn og þurftu því að leika aftur.

#### 2.umferð

UMFL : UBK	74:54
KFÍ : UMFL	79:76
UBK : KFÍ	76:75

Enn þurfti að leika til úrslita.

#### 3.umferð

UMFL : UBK	57:71
UBK : KFÍ	48:56
KFÍ : UMFL	55:67

Þegar hér var komið ákvað stjórnin að setja bráðabirgðaákvæði varðandi síðustu umferðina þ.e. að ef öll liðin yrðu jöfn myndi stigatala ráða úrslitum en þá brá svo við að úrslit fengust.

#### 4.umferð

KFÍ : UBK	61:66
UMFL: KFÍ	77:67
UMFL: UBK	77:62

Það verður því lið Laugðala sem leikur í 1.deild næsta keppnistímabil.

#### 1.flokkur karla

Mjög margar skýrslur vantar úr 1.flokki karla að ógerlegt er að setja hér á blað röð liðanna, en hitt er ljós að KR-ingar eru Íslandsmeistara í 1.flokki karla 1983 eins og undanfarin óteljandi ár.

Önnur þátttökulið voru:

ÍBK  
UMFL  
UBK  
ÍR  
Haukar  
ÍS

#### Lávarðadeild

Í ár var í fyrsta sinn keppt í Lávarðadeild, en þátttökuskilyrði eru þau að leikmenn séu 30 ára eða eldri og séu ekki leikmenn með meistara-flokki.

Leikið var í tveimur riðlum.

#### G-riðill

Árman  
ÍS a í úrslit  
Valur  
ÍS b

#### B-riðill

KR í úrslit  
ÍR  
UMFS

Úrslitaleikur KR:ÍS a 63:58



### Yngri flokkar

Í yngri flokkum var nú leikið svokölluðu "turneringum".

### II flokkur kvenna

Keppt í einum riðli.

	L	U	T	stig	
UMFN	18	17	1	34	Íslandsmeistarar
Haukar	18	14	4	28	
ÍR	18	14	4	28	
KR	18	7	11	14	
ÍBK	18	6	12	12	
UMFG	18	4	14	8	
UMFS	18	2	16	4	

### II flokkur karla

Í keppni í 2.flokki karla hófu 7 lið keppni, en eftir aðra turneringu var þremur liðum vísað úr keppni vegna þess að þau höfðu horfið frá keppni í miðri turneringu.

Lokastaðan var:

	L	U	T	stig
Haukar	9	7	2	14
Valur	9	7	2	14
ÍR	9	3	6	6
KR	9	1	8	2

Úrslitaleikur Haukar : Valur 100:97.

Íslandsmeistarar Haukar

### III flokkur kvenna

	L	U	T	stig
ÍBK	6	5	1	10
Haukar	6	4	2	8
UMFS	6	0	6	0

### III flokkur karla

#### A-riðill

	L	U	T	stig
KR	3	3	0	6
ÍA	3	0	3	0

Í þessum flokki gerðist það sama og í 2.fl.karla.

#### B-riðill

	L	U	T	stig
1. ÍR	9	7	2	14
2. ÍBK	9	6	3	12
3. Haukar	0	5	4	10
4. Valur	9	0	9	0

Úrslitaleikur KR : ÍR 62:63

Íslandsmeistarar ÍR

### IV flokkur karla

Skýrslur skiluðu sér heldur illa í þessum flokki, en þátttökulið í hverjum riðli voru sem hér segir.

#### A-riðill

UMFN í úrslit  
ÍR  
Haukar  
Þór  
Tindastótt

#### B-riðill

Reynir í úrslit  
Fram  
Valur  
UBK

#### C-riðill

ÍBK í úrslit  
UMFG  
KR  
UMFS

## Úrslitakeppni

UMFN : Reynir 79:67  
ÍBK : Reynir 77:48  
UMFN : ÍBK 54:55

Íslandsmeistarar ÍBK

## V. flokkur karla

### A-riðill

	L	stig
ÍR	18	54
UMFG	18	44
Tindastóll	18	33
UMFN	18	28
Fram	18	15
UMFS	18	13
UBK	18	6

### B-riðill

Skýrslur vantar úr 2 turneringum en  
röðin fyrir utan það var þess:

	L	stig
Haukar	10	28
ÍBK	10	26
Valur	10	22
KR	10	18
Reynir	10	14
ÍBK b	10	8

Úrslitaleikur ÍR : Haukar 35:30  
Íslandsmeistarar ÍR

## BIKARKEPPNI

Dregið var í 1.umferð 8.nóv.1982.

### M.fl.karla

KR b : Þór	77:98	UBK : ÍR	59:109
Hörður : ÍBK	63:137	ÍA : UMFG	97:121
UMFN : Fram	89:86	Valur : KR	107:79
HK : Haukar	66:117	ÍS : ÍR b	91:59

### M.fl.kvenna

Haukar : UMFN 38:47  
KR : ÍR 71:49

ÍS situr hjá.

## 2.flokkur karla

UMFN : KR skýrslu vantar, UMFN vann  
ÍA : ÍBK 81:79  
Fram : ÍR 73:76  
Valur:Haukar 91:101

## 2.flokkur kvenna

ÍR : Haukar 33:34  
UMFG : Tindastóll 24:22  
ÍA : KR 0:2  
ÍBK : UMFN 39:26

## 3.flokkur

ÍBK : KR 62:76  
ÍR : UMFN 55:40  
Fram : Valur skýrslu vantar, Valur vann

Haukar sitja hjá.

## 4.flokkur

UMFN a : Ko 52:41  
UMFG : Haukar 46:35  
ÍR : ÍBK 45:47  
Valur : Fram 26:51  
UMFN b situr hjá



## 2. umferð

### Meistaraflokkur karla

ÍBK	:	UMFN	106:	97
Þór	:	Valur	55:	106
ÍS	:	UMFG	80:	73
ÍR	:	Haukar	77:	56

### Meistaraflokkur kvenna

UMFN	:	ÍS	64:	37
KR	situr hjá			

### 2. flokkur karla

Haukar	:	UMFN skýrslu vantar		
ÍR	:	ÍA	102:	49

### 2. flokkur karla

ÍBK	:	UMFG	46:	16
KR	:	Haukar	26:	37

### 3. flokkur karla

Haukar	:	KR skýrslu vantar, KR vann		
Valur	:	ÍR	47:	88

### 4. flokkur karla

UMFN b	:	UMFN a	UMFN a vann	
Fram	:	UMFG	43:	54
ÍBK	situr hjá			

## 3. umferð

### Meistaraflokkur karla

Valur	:	ÍBK	95:	88
ÍS	:	ÍR	68:	76

### 4. flokkur karla

ÍBK	:	UMFN	ÍBK vann	
UMFG	situr hjá			

ÚRSLIT:Meistaraflokkur karla

Valur : ÍR 78: 75

Meistaraflokkur kvenna

KR : UMFN 56: 47

2. flokkur karla

Haukar : ÍR 82: 69

2. flokkur kvenna

Haukar : ÍBK 32: 26

3. flokkur karla

ÍR : KR 62: 64

4. flokkur karla

UMFG : ÍBK 39: 48

Íslandsmót í Minni-bolta 1982-1983 var haldið í Njarðvík dagana 5.-6. mars. 15 lið voru skráð til keppni en Haukar-b mættu ekki til leiks.

Á sunnudeginum sendi ÍBK c-lið til að fylla í skarðið.

Laugardagur 5. mars

A-riðill

IR-a -UMFN-a 41:56  
 IBK-a -IR-d 120:7  
 IR-a - Fram 69:8  
 UMFN-a - ÍBK-a 52:33  
 ÍR-d - Fram 6:52

B-riðill

IR-b - UMFN-b 22:30  
 Haukar-a - HK 52:12  
 IR-b - UMFG 28:34  
 UMFN-b - Haukar 18:64  
 HK- UMFG 42:20

C-riðill

IR-c - Haukar-b x  
 IBK-b - Valur 45:42  
 IR-c - Reynir 31:43  
 Haukar-b- ÍBK-b x  
 Valur-Reynir 66:47

Sunnudagur 6. mars

IR-a - ÍBK-a 45:46  
 UMFN-a - ÍR-d 93:12  
 ÍBK-a - Fram 103:21  
 ÍR-a - ÍR-d 62:19  
 UMFN-a Fram 95:18

ÍR-b - Haukar-a 24:59  
 UMFN-b-HK 31:43  
 Haukar-a-UMFG 48:34  
 ÍR-b - HK 12:47  
 UMFN-b - UMFG 46:26

IR-c - ÍBK-b 9:65  
 ÍBK-c - Valur 4:30  
 ÍBK-b-Reynir 54:35  
 ÍR-c- Valur 7:72  
 ÍBK-c-Reynir 31:31

Sigurvegargar, A-riðill UMFN-a  
 " B- " Haukar-a  
 " C- " ÍBK-b

Úrslitaleikir: UMFN-a - Haukar-a 40:20  
 Haukar-a- ÍBK-b 44:35  
 UMFN-a - ÍBK-b 80:27

Íslandsmeistarar í Minni-bolta 1983 UMFN-a.

Vel tókst til um framkvæmd mótsins, sem var í höndum UMFN og þakkar stjórn KKÍ Njarðvíkingum fyrir myndarskapinn.



## FIRMAKEPPNI KKÍ

Töluvert færri lið tilkynntu þátttöku í Firmakeppninni í ár, þrátt fyrir að hún hafi verið vel auglýst.

Leikið var í 2. riðlum og voru 4 lið í hvorum. Sigurvegarar riðlanna léku síðan til úrslita.

Riðlarnir voru sem hér segir:

### A-riðill:

Lögregluskólinn  
Glugga- og hurðasmiðjan  
Kennarar Kóp.  
Vífilfell (Coke)

### B-riðill:

Sparta  
Skýrsluvélar ríkisins  
Málning hf.  
Verslunin Víðir

Úrslitaleikurinn milli Vífilfells (Coke) og Spörtu fór fram 23. mars og lauk honum með sigri Vífilfells 36-30.

## SKÓLAMÓT KKÍ

Framhaldsskólamót. Í piltaflokki tilkynntu 16 lið frá jafnmörgum skólum þátttöku. Keppt var í 4 riðlum .

### A-riðill:

Flensborg  
Íþróttakennaraskóli Íslands  
Menntaskólinn við Sund  
Verslunarskóli Íslands

### B-riðill:

Fjölbrautaskóli Suðurnesja  
Menntaskólinn Laugarvatni  
Tækniskóli Íslands  
Kvennaskólinn

### C-riðill:

Fjölbrautaskóli Suðurnesja  
MR  
Iðnskólinn Reykjavík  
Kvennaskólinn hætti síðan þátttöku

### D-riðill:

Fjölbrautaskólinn Breiðholti  
Fjölbr. Ármúla  
Kennaraskóli Íslands  
Fjölbrautaskóli Akranes

Til úrslita léku lið Iðnskólans og Flensborgar og sigraði lið Iðnskólans með 69-65.

Í stúlknafllokki tilkynntu 9 lið þátttöku.

### A-riðill:

Menntaskólinn við Sund  
Flensborg  
(Kvennaskólinn)  
ME  
Fjölbrautaskóli Suðurnesja

### B-riðill:

Bjölbrautaskólinn Breiðholti  
Menntaskólinn Laugarvatni  
ÍMA  
(Fjölbrautaskólinn Sauðárkróki)

Kvennaskólinn og Fjölbrautaskóli Sauðárkróks hættu síðan þátttöku.

Til úrslita léku lið Fjölbrautaskólans Breiðholti og Fjölbrautaskóli Suðurnesja og sigraði lið Fjölbrautaskólans Breiðholti með 66-57.



## GRUNNSKÓLAMÓT KKÍ

Í eldri flokki pilta tilkynntu 24 lið þátttöku og var þeim skipt niður í 5 riðla.

### A-riðill:

Víðistaðaskóli  
Öldutúnsskóli  
Grunnskóli Njarðvíkur  
Grunnskóli Keflavíkur  
Valhúsaskóli

### B-riðill:

Heppuskóli  
Hagaskóli  
Fellaskóli  
Hvassaleitisskóli  
Árbæjarskóli

### C-riðill:

Langholtsskóli  
Réttarholtsskóli  
Æfingaskólinn  
Breiðholtsskóli  
Lækjarskóli

### D-riðill:

Grunnskóli Hofsós  
Grunnskóli Blönsuóss  
Reykjaskóli Hrútafirði  
Grunnskóli Sauðárkróks  
Grunnskóli Hvammstanga

### E-riðill:

Grunnskóli Borgarness  
Grunnskóli Ólafsvíkur  
Grunnskóli Hellissands

Undirstrikuðu liðin komust í úrslit.

Úrslitakeppnin var með úrsláttarfyrríkomulagi og var úrslitaleikurinn á milli Grunnskóla Njarðvíkur og Hagaskóla. Lauk þeim leik með sigri Grunnskóla Njarðvíkur 59-47.

Í yngri flokki pilta tilkynntu 11 lið þátttöku og var þeim skipt niður í 3 riðla.

### A-riðill:

Hagaskóli  
Langholtsskóli  
Víðistaðaskóli  
Grunnskóli Keflavíkur

### B-riðill:

Öldutúnsskóli  
Fellaskóli  
Æfingaskólinn  
Grunnskóli Njarðvíkur

### C-riðill:

Grunnskóli Borgarness  
Grunnskóli Ólafsvíkur  
Grunnskóli Hellissands

Undirstrikuðu liðin komust í úrslit. Leikjunum í úrslitakeppninni lauk sem hér segir:

Keflavík-Öldutún	46-37
Keflavík-Ólafsvík	53-24

Sigurvegari í yngri flokki varð því lið Grunnskóla Keflavíkur.



Í stúlknafllokki tilkynntu 13 lið þátttöku og var þeim skipt niður í 4 riðla.

A-riðill:

Hagaskóli  
Fellaskóli  
Réttarholtsskóli  
Heppuskóli

C-riðill:

Grunnskóli Ólafsvíkur  
Grunnskóli Borgarness  
Grunnskóli Hellissandis

B-riðill:

Víðistaðaskóli  
Hlíðaskóli  
Grunnskóli Njarðvíkur  
Grunnskóli Keflavíkur

D-riðill:

Grunnskóli Blönduóss  
Grunnskóli Sauðárkróks

Fellaskóli og Heppuskóli höttu síðan þátttöku. Grunnskóli Sauðárkróks sá sér ekki fært að mæta í úrslitin.

Undirstrikuðu liðin komust í úrslit. Leikjunum í úrslitakeppninni lauk sem hér segir:

Víðistaðaskóli-Hagaskóli	26-25
Víðistaðaskóli-Grunnskóli Borgarness	30-24

Víðistaðaskóli sigraði því í stúlknafllokki.

Sú nýbreytni var tekin upp í ár í skólamótunum, að leyfa leikaðilum að semja um sína leiki, þ.e. dagsetningar og leikstaði. Var þetta gert til að reyna að auðvelda skólum þátttöku og framkvæmd, þar sem mismunandi starf er unnið innan sérhvers skóla s.s. próf og fleira. Mæltist þetta mismunandi fyrir.

Ljóst er að skólamótin eru ekki lengur nein tekjulind fyrir KKÍ, þar sem mikill kostnaður fylgir þessum mótum s.s. verðlaunapeningar, dómarakostnaður og húsaleiga svo eitthvað sé nefnt.

Líkur þar með umfjöllun um mót vetrarins.



## SKÝRSLA DÓMARANEFNDAR

Starf dómarnefndar í vetur var með hefðbundnu sniði þ.e. raðað var dómurum á alla meistaraflokksleiki og höfð umsjón með því.

Það verður að segjast eins og er að það var erfitt starf vegna þess að raðir dómara eru heldur þunnskipaðar og erfitt að fá menn í þetta "skítkast" eins og einn dómara nefndi það.

Hvað um það, það tókst þó að fá nokkurn hóp manna til starfa fyrir veturinn, en margir þeirra settu þó ýmis skilyrði: "Ég dæmi ekki hjá þessu eða hinu félaginu", "ég dæmi ekki um helgar", "ég dæmi bara í Reykjavík", "vil dæma sem minnst o.fl., o.fl.".

Þrátt fyrir þetta tókst starf nefndarinnar með ágætum, aðeins einu sinni á vetrinum þurfti að fresta leik vegna þess að dómara mættu ekki og var þar um klaufaskap undirritaðs að ræða.

En þetta hefði aldrei tekist svo vel ef ekki hefði komið til mikið álag á sömu mennina og vil ég sérstaklega nefna þá Davíð Sveinsson, Gunnar Braga Guðmundsson, og Kristinn Albertsson, þessir menn voru svo til undantekningarlaust tilbúnir, ef til þeirra var leitað, vil ég þakka þeim fyrir gott samstarf og vona að ég hafi ekki gengið of nærri þeim með tilliti til framtíðarinnar.

Einnig vil ég þakka þeim bræðrum Valgeirssonum fyrir aðstoð vegna leikja á suðurnesjum, svo og Herði Túlínus sem sá um alla leiki fyrir norðan. Einn dómari Sigurður Valur Halldórsson, tók próf s.l. sumar til alþjóðlegs dómaratitilis og stóðst það með glæsibrag, óska ég honum og körfuboltamönnum almennt til hamingju með það.

Talsverð umræða hefur átt sér stað í vetur um hið svokallaða "dómara-vandamál" og hefur borið á því að það orð hafi verið nokkuð mistúlkað þ.e. sumir vilja meina að það þýði að dómara séu svo lélegir, en það er ég ekki sammála.

Ég er sannfærður um að allir þeir menn sem sinnt hafa dómaraströfum að einhverju ráði síðastliðin ár standa ekki leikmönnum að baki: körfuboltalega séð.

Dómara eru nú bara mannlegir og gera sín mistök í leik rétt eins og leikmenn. Samskipti leikmanna og dómara mótast mjög mikið af þjálfur-unum. Ég hef séð, þó alltof sjaldan, ákveðna þjálfara kippa leikmönnum útaf í lengri eða skemmri tíma eftir að þeir (leikmennirnir) hafa verið að mótmæla dómum. Þjálfarar gætu með rétttri framkomu og aga lagað mikið þetta svokallaða "dómara-vandamál", en því miður eru þeir stundum lítið betri en aðrir.

Aðalvandamálið er hve fáir leggja fyrir sig dómgaeslu og er það í sjálfu sér mjög skiljanlegt, þegar menn horfa uppá framkomu margra leikmanna þjálfara og aðstandenda liða.

Það þarf með einhverjum ráðum að fá fleiri til dómara starfa og reyna að gera þetta áhugaverðara en það er. Þá myndi aukast samkeppni, menn myndu leggja harðar að sér til að standa sig á öllum sviðum. Þá væri einnig hægt að gera meiri kröfur, án þess að eiga það á hættu að menn hættu að dæma.

Ef ekkert verður að gert, rennum við aftur inn í tíma sem ég veit að margir muna. Þá gátu menn aldrei komið til að horfa á leik öðruvísi en að eiga það á hættu að vera drifnir í að dæma hann, jafnvel þótt komið væri af ásettu ráði, 20-30 mín. eftir að leikurinn átti að vera byrjaður.

Ég vona að körfuboltafólki, jafnt stjórnendur, þjálfarar, leikmenn og dómara beri gæfu til að koma í veg fyrir það.

Að lokum við ég þakka stjórn KKÍ og þá sérstaklega framkvæmdastjóra henna Helga Helgasyni fyrir mjög ánægjulegt samstarf í vetur.

Jón Óttá Ólafsson



## Skýrsla landsliðsnefndar

1982 - 1983

-----

Nefndina skipuðu þeir Kolbeinn Kristinsson, Kristinn Stefánsson og Steinn Sveinsson.

Eins og árið áður þá hafði nefndin með að gera öll landsliðin. Fljótlega var gengið frá samningum við þá Einar Bollason, Jón Sigurðsson og Torfa Magnússon um þjálfun unglingsliðanna og stuttu seinna við Jim Dooley um þjálfun karlalandsliðsins.

Verkefni liðanna verða nú stuttlega rakin:

### Unglingalandsliðin:

21 árs liðið.

Um var að ræða eitt verkefni sem var heimsókn til Bandaríkjanna í desember. Leiknir voru 3 leikir í og við Chicago við skóla-  
lið.

Úrslit leikja urðu þannig:

Rockford College - Ísland	85-76
Harper College - Ísland	82-84
Judson College - Ísland	73-70

Eftirtaldir leikmenn skipuðu þennan hóp:

Gylfi Þorkelsson	ÍR	
Ragnar Torfason	ÍR	
Jón Kr. Gíslason	ÍBK	
Axel Nikulásson	ÍBK	
Óskar Nikulásson	ÍBK	
Valur Ingimundarson	UMFN	fyrirliði
Pálmar Sigurðsson	Haukar	
Ólafur Rafnsson	Haukar	
Eyþór Þ. Árnason	Haukar	

Þjálfari þessa liðs var Einar Bollason, en ásamt honum fór Torfi Magnússon með í Bandaríkjaferðina, sem aðstoðarmaður og farar-  
stjóri.

Eins og önnur unglingslið þá greiddu leikmennirnir sín fargjöld sjálfir. Landsliðsnefnd vill þakka Kolbeini Pálssyni hjá Flugleiðum fyrir aðstoð við undirbúning og skipulagningu þessarar heimsóknar.

### Eldra unglingslið - Juniorar

Þjálfarar þessa hóps voru Einar Bollason og Jón Sigurðsson. Efingar hjá liðinu hófust um haustið en aðalverkefni liðsins var Norðurlandamótið í Danmörku í janúarmánuði. Farið var í landsleikjaferðalag til Írlands í nóvember og leiknir 3 landsleikir í Belfast og Dublin.

Úrslit þessara leikja urðu þannig:

Írland - Ísland	76-64	leikið í Belfast
Írland - Ísland	65-83	" " "
Írland - Ísland	64-62	" " Dublin



Eftirtaldir leikmenn skipuðu þennan hóp:

Páll H. Kolbeinsson	KR	fyrirliði
Jóhannes Kristbjörns	KR	
Matthías Einarsson	KR	
Björn O. Steffensen	ÍR	
Jóhann Bjarnason	Fram	
Þorkell Andrésson	Fram	
Lárus Thorlacius	Fram	
Tómas A. Holton	Valur	
Einar Ólafsson	Valur	
Björn Zoëga	Valur	
Eyþór Þ. Árnason	Haukar	
Kristinn Kristinsson	Haukar	

Það skal tekið fram að í írsku landsliðinu léku nokkrir leikmenn sem voru einu ári eldri en lög gera ráð fyrir og kom það í veg fyrir hagstæðari úrslit.

Ásamt þeim Einari og Jóni var Kolbeinn Kristinsson með piltunum í þessari ferð sem fararstjóri.

Norðurlandamótið var síðan haldið í Árósum í Danmörku í janúarbyrjun. Fararstjóri í þeirri ferð var Helgi Helgason framkvæmdastjóri KÍ.

Úrslit urðu sem hér segir:

Danmörk - Ísland	83-76
Finnland- Ísland	118-74
Noregur - Ísland	69-63
Svíþjóð - Ísland	81-77

Eftirtaldir piltar skipuðu landsliðið á Norðurlandamótinu:

Páll H. Kolbeinsson	KR	fyrirliði
Matthías Einarsson	KR	
Ólafur Guðmundsson	KR	
Björn O. Steffensen	ÍR	
Jóhann Bjarnason	Fram	
Þorkell Andrésson	Fram	
Ástþór Ingason	UMFN	
Tómas A. Holton	Valur	
Björn Zoëga	Valur	
Kristinn Kristinsson	Haukar	

#### Yngra unglíngalandsliðið - Kadettar

Þjálfarar voru Einar Bollason og Torfi Magnússon og eins og eldri hópurinn þá hófu þeir æfingar um haustið og ásamt því að hittast eftir föngum til æfinga og æfingaleikja þá voru tekin ströng 3-4 vikna æfingatímabil um jól og páska.

Aðalverkefni liðsins var Evrópukeppnin um páskana, í þeim riðli sem haldinn var hér heima.

Farið var í landsliðsferð með drengina til Hollands í janúarlok og leiknir þar 4 landsleikir við Hollendinga. Hollenska liðið reyndist geysisterkt og meðalhæð leikmanna reyndar um 15 cm hærrí en okkar drengja.



Úrslit urðu þannig:

Holland - Ísland 95-70  
Holland - Ísland 98-88  
Holland - Ísland 120-86  
Holland - Ísland 115-81

Eftirtaldir drengir skipuðu landsliðið:

Ómar Scheving KR  
Karl Guðlaugsson ÍR  
Sævar Guðbergsson ÍBK  
Matti O. Stefánsson ÍBK  
Sigurður Ingimundars. ÍBK  
Skarpéðinn Héðinsson ÍBK  
Guðjón Skúlason ÍBK  
Hjálmar Hallgrímsson UMFG  
Jóhannes K. Sveinss. UMFG  
Hreiðar Hreiðarsson UMFN fyrirliði  
Heimir Jónasson Valur

Fararstjórar voru Kristinn Stefánsson og Steinn Sveinsson og viljum við þakka Arnarflugi c/o Agnari Friðrikssyni fyrir 2 frímiða í þessa ferð.

Um páskana var síðan leikinn héraendis 1 riðill af 5 í Evrópu-keppni drengja. 2 lið komast áfram úr hverjum riðli til úrslitakeppninnar í V-Þýskalandi í sumar.

Þessi lönd léku í riðlinum hér heima: Belgía, Spánn, Svíþjóð og Ísland. Leikið var í Njarðvík, Keflavík og Reykjavík, dagana 2.-4. apríl, en liðin gistu á Hótel Borg.

Eftirlitsmaður FIBA á mótinu var Harry Keats frá Englandi og auk dómara frá hverri þátttökupjóð komu og dómara frá Írlandi og Wales á vegum FIBA.

Eins og við vissum fyrir, voru liðin sem sóttu okkur heim geysistark og tókst okkar drengjum ekki að vinna neinn leik, en úrslit einstakra leikja á mótinu urðu sem hér segir:

Ísland - Belgía 49-71  
Ísland - Spánn 65-118  
Ísland Svíþjóð 68-85

Drengjalandsliðið skipuðu:

Karl Guðlaugsson ÍR  
Theodór Jóhannsson ÍR  
Sigurður Ingimundar ÍBK  
Skarphéðinn Héðinss. ÍBK  
Guðjón Skúlason ÍBK  
Hjálmar Hallgrímss. UMFG  
Jóhannes K. Sveinss. UMFG  
Kristinn Einarsson UMFN  
Hreiðar Hreiðarsson UMFN fyrirliði  
Magnús Matthíasson Valur



Ásamt landsliðsnefnd vann sérstök undirbúningsnefnd að skipulagningu þessa Evrópuríðils. Hana skipuðu Gunnar Gunnarsson, Birgir Örn Birgis og Kristbjörn Albertsson.

Mót sem þetta kostar mikla undirbúningsvinnu og vill landsliðsnefnd hér með þakka sérstaklega Gunnari Gunnarssyni fyrir frábær störf og ósérhlífni í sambandi við þetta mót. Það er mikið honum að þakka hversu vel og snurðulaust mótið gekk fyrir sig.

Landsliðsnefnd stendur og í þakkarskuld við þá Birgi Örn og Kristbjörn svo og hið fjölmarga starfsfólk sem vann með okkur á mótinu, s.s. ÍR-pilta sem unnu alla statistik á leikjunum, þeim Dollu og Dísu fyrir gott starf á ritaraborði sem fyrr, starfsfólki íþróttahúsanna fyrir lipurð og þolinmæði, og svo mætti lengi telja.

#### Karllandsliðið.

Verkefni karllandsliðsins voru í lagmarki að þessu sinni. Eins og sagt hefur verið hér að framan var Jim Dooley, hinn bandaríski þjálfari ÍR, þjálfari karllandsliðsins en honum til aðstoðar við þjálfunina var Einar Ólafsson. Um var að ræða tvo 3-4 vikna æfingartímabil um jól og páska.

Danir sóttu okkur heim í janúarbyrjun og léku hér 3 landsleiki.

Úrslit urðu þannig:

Ísland - Danmörk	80-67
Ísland - Danmörk	84-77
Ísland - Danmörk	77-88

Landslið Íslands var þannig skipað:

3	Torfi Magnússon	Valur
3	Ríkharður Hrafnkels	Valur
1	Kristján Ágústsson	Valur
1	Hreinn Þorkelsson	ÍR
2	Pétur Guðmundsson	ÍR
3	Valur Ingimundarson	UMFN
3	Axel Nikulásson	ÍBK
3	Jón Kr. Gíslason	ÍBK
1	Björn Víkingsson	ÍBK
3	Símon Ólafsson	Fram
3	Þorvaldur Geirsson	Fram
1	Viðar Þorkelsson	Fram
3	Pálmar Sigurðsson	Haukar

Pétur Guðmundsson lék með okkur 2 af þessum leikjum en vegna reglna FIBA telst hann ekki löglegur með landsliði Íslands, þar sem hann hefur leikið í NBA, en þetta mál verður tekið fyrir á ársþingi FIBA nú í vor. Voru þetta einu leikir Péturs með landsliðinu í vetur.

Vegna stórhriða og fannfergis voru leikirnir mjög illa sóttir. Má nefna sem dæmi að við urðum að fá fjallabíl frá Hjálparsveit skáta til að flytja danska landsliðið frá Hótel Esju niður í Laugardalshöll....

Einnig stóð til að leika síðasta leikinn í Borgarnesi, en þangað var einfaldlega ekki fært og var því leikið í Hagaskóla.



Karllandsliðið hélt síðan til Norðurlandamóts í Karlstad í Svíþjóð í apríl.

Úrslit leikja urðu:

Ísland - Finnland	49-65
Ísland - Svíþjóð	50-98
Ísland - Noregur	67-74
Ísland - Danmörk	75-55

Landsliðið skipuðu eftirtaldir:

Jón Sigurðsson	KR	fyrirliði
Hreinn Þorkelsson	ÍR	
Axel Nikulásson	ÍBK	
Jón Kr. Gíslason	ÍBK	
Flosi Sigurðsson	Fram	
Þorvaldur Geirsson	Fram	
Valur Ingimundar	UMFN	
Kristján Ágústss.	Valur	
Ríkarður Hrafnkels	Valur	
Torfi Magnússon	Valur	

Þrátt fyrir aðeins 1 sigur lenti Ísland í þriðja sæti vegna hagstæðara stigahlutfalls en Noregur og Danmörk. Finnar sigruðu í öllum sínum leikjum, Svíar urðu í öðru sæti, en Danir ráku lestina.

Ásamt þeim Jim og Einari var Sigurður Már Helgason með í þessari ferð sem fararstjóri en hann tók það verk að sér, þótt hann hafi upphaflega ætlað að vera með aðeins sem áhorfandi. Þakkar landsliðsnefnd Sigurði innilega fyrir hans störf.

Eftirtaldir leikmenn léku landsleiki á tímabilinu:

Torfi Magnússon	Val	7	Kristján Ágústsson	Val	6
Ríkarður Hrafnkels	Val	6	Hreinn Þorkelsson	ÍR	5
Pétur Guðmundsson	ÍR	2	Valur Ingimundars.	UMFN	7
Axel Nikulásson	ÍBK	7	Jón Kr. Gíslason	ÍBK	7
Björn V. Ólafsson	ÍBK	1	Símon Ólafsson	Fram	3
Þorvaldur Geirss.	Fram	7	Viðar Þorkelsson	Fram	1
Pálmar Sigurðsson	Haukar	3	Jón Sigurðsson	KR	4
Flosi Sigurðsson	Univ.W.	4			

Landsliðsnefnd þakkar hér með þjálfurunum öllum það mikla starf sem þeir hafa innt af hendi, en á því er ekki nokkur vafi að þeir hafa allir lagt á sig gífurlega vinnu við þjálfun og undirbúning liðanna.

#### Fjármálin o.fl.

Farnar voru hinar hefðbundnu leiðir í fjáröflun.

Haldið var happdrætti í haust, þar sem sendir voru miðar og síðan haldið annað happdrætti nú í vor, þar sem landsliðsmenn, undir og aldnir, voru beðnir um að selja miða ásamt því að landsliðsnefndarmenn seldu töluvert sjálfir.



Þrátt fyrir slæma reynslu af bingóí árið áður, ætluðum við að reyna aftur nú í mars, en hättum við þegar séð var að bingóin í febrúar komu illa út.

Heimsókn Dana í janúar átti að verða tekjulind, en vegna óveðurs þá brást sú lind algjörlega og þrátt fyrir auglýsingasöfnun í leikskrá, kom heimsóknin illa út fjárhagslega. Ef vel hefði tekist til, hefði heimsóknin vel getað skilað nokkrum tekjum.

Landsliðsnefnd gerði í fyrra samning við Samvinnuferðir - Landsýn. Höfum við borið auglýsingar þeirra á búningum landsliðsins og ferðast í gegnum þeirra ferðaskrifstofu. Höfum við fengið verulega hagstæðar ferðir hjá þeim ásamt allháum óbeinum fjárupphæðum.

Höfum við átt sérstaklega ánægjulegt samstarf við Helga Jóhannsson sölustjóra Samvinnuferða - Landsýnar og á hann miklar þakkir skildar fyrir sitt framlag.

Síðast en ekki síst skal minnst á fjáröflun landsliðsmanna sjálfra og þá sérstaklega þeirra yngri. Piltarnir í unglíngalandsliðinu þrem, greiða sjálfir allar sínar ferðir til útlanda, ásamt uppihaldi. Landsliðsnefnd hefur reynt að skapa þeim verkefni til fjáröflunar t.d. með happdrættismiðasölu og öflun auglýsinga í leikskrár. Hefur verið sérstaklega ánægjulegt að fylgjast þannig með drengjunum í yngra unglíngalandsliðinu nú í vetur, en þeir drengir og aðstandendur þeirra hafa unnið frábært starf við fjáröflun ásamt öðru.

Eins og kemur fram í ársreikningunum er staðan ekki sem allra best. Það er ljóst að ef hægt á að vera að reka eins umfangsmikla landsliðsstarfsemi eins og gert hefur verið undanfarin ár, þarf annað hvort að vera gífurlega örlátur "sponsor" og/eða einhverjar aðrar gulltryggðar fjáröflunarleiðir. Við getum því miður ekki reiknað með neinum tekjum að ráði á landsleikjum og hinar útjöskuðu fjáröflunaraðferðir, s.s. happdrætti, bingó og auglýsingasafnanir gefa aldrei af sér stórfé. Staðreyndin er að þjálfunarlaun og þjálfunarkostnaður eru orðinn ansi stór liður í starfseminni. Þar með er alls ekki verið að segja að þau laun sem greidd hafa verið séu of mikil, nema síður væri, en málið er einfaldlega að við verðum að sníða okkur stakk eftir vexti. Það væri stórhættulegt fyrir körfuknattleikssambandið að fara að steypa sér í langtímaskuldir þótt um góð málefni sé að ræða. Það er að okkar áliti gæfulegra að hægja frekar á og gera raunhæfar fjárhags- og starfsáætlanir fram í tímann, með það að leiðarljósi að tekjur dugi fyrir útgjöldum.

Að lokum vill landsliðsnefnd þakka öllum körfuknattleiksmönnum samstarfið nú í vetur sem og undanfarin 4 ár og vonast til þess að eftirmenn okkar í landsliðsnefnd komi ferskir og hugmyndaríkir til starfa fyrir landsliðin og körfuboltaíþróttina í heild.

Landsliðsnefnd KÍ

Steinn Sveinsson

Kristinn Stefánsson

Kolbeinn Kristinsson



LANDSLIÐSNEFND K.K.Í.

REKSTRARREIKNINGUR 01.05.82 - 09.05.83

---

<u>Gjöld:</u>		Skýr.
Þjálfunarkostnaður		kr: 211.152,50
Ferðakostnaður	(1)	" 290.755,20
Tap v/ EM-drengja	(2)	" 113.330,20
Kostnaður	(3)	" 16.065,55
Vextir		" 14.676,51
Afskriftir búninga	kr: 1.622,00	
" myndsb.	" <u>903,00</u>	" <u>2.525,00</u>
		<u>Krónur: 648.504,96</u>

Tekjur:

Styrkur Samvinnuferða-Landsýnar		kr: 133.730,00
" K.K.Í.		" 130.000,00
" Flugleiða		" 15.000,00
" Ferðasjóðs Flugleiða og Í.S.Í.		" 10.250,00
" S.Í.S.		" 5.500,00
" Norræna menningamálasjóðsins		" 19.162,00
Áætl. utanf.styrkur héraðssambanda	(4)	" 117.180,00
Happdrætti		" 99.288,80
Pressuleikur		" 4.710,00
Heimsókn Dana í jan 1983	(5)	" 394,80
Tap ársins		" <u>113.289,36</u>
		<u>Krónur: 648.504,96</u>

LANDSLIÐSNEFND K.K.Í.

E F N A H A G S R E I K N I N G U R PR. 9. MAÍ 1983

-----

<u>Eignir:</u>		Skýr.
Ávísanareikningur		kr: 21.862,87
K.K.Í.		" 103.824,55
Skuldunautar	(6)	" 13.910,00
Víxileignir		" 2.000,00
Myndsegulband 1/3 hl.		" 8.131,00
Búningar		" 4.867,79
Óinnheimt v/ leikskrár		" 15.000,00
Óinnheimt v/ happdrættis		" 10.000,00
Ónót. ferðast. Flugleiða og Í.S.Í.		" 10.250,00
Höfuðstóll f.f.á.	kr: 64.034,34	
+ F.f.á.	" 36.554,27	
+ tap ársins	" <u>113.289,36</u>	" <u>85.809,29</u>
		<u>Krónur: 275.655,50</u>

Skuldir:

Lánadrottnar	(6)	kr: 163.923,00
Dómaranefnd	" "	3.930,50
Samþykktir víxlar	(7)	" <u>107.802,00</u>
		<u>Krónur: 275.655,50</u>

Við undirritaðir höfum yfirfarið framanskráðan ársreikning Landsliðsnefndar K.K.Í, sem saminn er eftir bókhaldi hennar. Álitum við að reikningurinn gefi rétta mynd af efnahag nefndarinnar hinn 9. maí 1983 og veiti góðar upplýsingar um rekstur hennar síðasta starfsár.

Reykjavík, 10. maí 1983,

*Hilmarheim Sigurðsson*  
*Sunnar Sunnarson*



LANDSLIDSNEFND K.K.I.

SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGUM

1. Ferðakostnaður

Unglingalandslið til Írlands	kr:	37.282,80
21 árs lið til USA	"	34.421,00
Unglingalandslið til Danm. (PC)	"	49.352,50
Drengjalandslið til Hollands	"	12.236,90
Karalandslið til Svíþjóðar (PC)	"	<u>157.462,00</u>

Krónur: 290.755,20

2. EM-drengja í apríl 1983

Seldir aðgöngumiðar		14.595,40
Hótelkostnaður	168.266,00	
FIBA-eftirlm. og dóm.	36.157,50	
Akstur	21.066,00	
Gjafir	11.527,00	
Auglýsingar	6.408,00	
Keppnisleyfi	3.286,10	
Leiga v/æfinga og keppni	16.265,00	
Innborgað af þáttt.		113.800,00
Leikskrá		21.250,00
TAP		<u>113.330,20</u>
	<u>262.975,60</u>	<u>262.975,60</u>

3. Kostnaður

FIBA - þing	kr:	8.335,65
Símakostnaður	"	6.394,75
Ýmislegt	"	<u>1.335,15</u>

Krónur: 16.065,55



LANDSLIÐSNEFND K.K.I.

SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGUM/ frh.  
-----

4. Ætlaður utanfarastyrkur héraðssambanda

Íþróttabandalag Reykjavíkur	kr: 68.600,00
Íþróttabandalag Suðurnesja	" 36.500,00
Íþróttabandalag Hafnarfjarðar	" <u>12.080,00</u>

Krónur: 117.180,00  
-----

5. Heimsókn danska landsliðsins í jan. 1983

Sala aðgöngumiða	40.119,80
Sjónvarp	11.000,00
Upphald og hluti í ferðakostn.	48.588,00
Lokahólf	10.563,00
Auglýsingar	10.864,00
Akstur	6.310,00
Gjafir	2.900,00
Leikskrá	28.500,00
Hagnaður	<u>394,80</u>

Krónur: 79.619,80 79.619,80  
-----

6. Skuldunautar og lánadrottmar

Flugleiðir	13.910,00
Hótel Borg v/matur	57.959,00
Hótel Borg v/herb.	38.072,00
Hótel Saga	17.235,00
Hótel Esja	7.371,00
S.I.S.	9.000,00
Ríkisútvarpið	3.207,00
Morgunblaðið	10.465,00
Henson	1.672,00
Knattspyrnufélagið Valur	1.750,00
Kristbjörn Albertsson	1.475,00
Teitur Jónasson	13.480,00
Borgarprent	2.237,00
Mismunur	<u>150.013,00</u>

Krónur: 163.923,00 163.923,00  
-----



SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGUM/frh.

---

7. Samþykktir vixlar

Samvinnuferðir - Landsýn	pr. 01.03.83	kr:	44.630,00
Samvinnuferðir - Landsýn	pr. 01.04.83	"	44.630,00
Flugleiðir	pr. 25.04.83	"	<u>18.542,00</u>

Krónur: 107.802,00

---



## Icebasket 1983

Icebasket var haldið helgina 9 - 10 apríl, fyrirhugað var að lið frá Írlandi og Scotlandi kæmu hingað, en á síðustu stundu boðuðu þau forföll sem kom sér mjög illa. Þrátt fyrir það var mótið haldið með íslenzku liðunum. Boðaðar voru 15 stúlkur til æfingar í unglingslandslíð undir stjórn Kristins Jörundssonar og Kolbrúnu Jónsdóttur, sem tóku af sér þjálfun að kostnaðarlausu fyrir KKI, sem ég vil þakka fyrir vel unnin störf. Ellefu af þessum stúlkum voru síðan valdar í liðið.

Úrslit leika urðu þessi.:

K R - Joke	68 - 51	Úrval - Joke	61 - 34
K R - Úrval	60 - 55	Joke - Nato	63 - 46
K R - Nato	63 - 46	K R - Nato	72 - 35
Úrval - Nato	96 - 37		

Sigurvegari mótsins var K R

		Skor	
1.	K R	6 stig	200 - 141
2.	Úrval	4 "	212 - 131
3.	Joke	2 "	148 - 175
4.	Nato	0 "	118 - 231

Að lok mótsins kusu þjálfarar liðanna besta leikmann mótsins sem varð fyrirvalinu Helga Friðriksdóttir úr Njarðvík (Joke)

Stigahæst varð Emilia Sigurðardóttir með 70 stig, sem einnig varð með besta vítahitni 92,3%.

Dómarar í mótinu voru Kristin Albertsson Kristin Magnússon, Jóhannes Kristbjörnsson Jón Steingrímsson Ingvar Kristinsson og Davíð Sveinsson, sem voru sjálfboðaliðar, sem ég vill þakka þeim fyrir framlag sitt. Að lokum vil ég þakka Margræti Eiríksdóttur úr ÍS fyrir vel unnin störf, hún sá að mestu leiti um þetta mót.

Formaður Kvennafndar.



## Skýrsla fræðslustjóra KKÍ.

### Námskeið.

Á árinu hafa verið auglýst tvö A-stigs námskeið á vegum KKÍ en sökum lélegrar þátttöku varð ekkert af þeim. Hins vegar hafa á árinu útskrifast 54 leiðbeinendur frá eftirfarandi skólum:

Reykholtsskóli	11
Eiðaskóli	3
Fjölbraut Ármúla	40

Hafa alls verið útskrifaðir 212 leiðbeinendur af A-stigi frá byrjun.

Haldið var námskeið fyrir íþróttakennara 30.apríl s.l. í samráði við félag þeirra og menntamálaráðuneytið. Leiðbeinandi var Jim Dooley. Tókst námskeiðið vel.

### Útgáfumál.

Síðastliðið haust var fræðsluefni B-stigs tilbúið til prentunar hjá prentsmiðju SÍS. Mál þróuðust að lokum á þann veg að SÍS-menn sáu sér ekki fært að leysa þessi mál sökum aukinna verkefna. Tapaðist við þetta nokkur tími því komið var fram í febrúar s.l. þegar þetta var orðið ljóst. Þrátt fyrir að svona hafi til tekist eiga starfsmenn auglýsingadeildar SÍS og prentsmiðju heiður skilinn fyrir þann stuðning sem þeir hafa veitt KKÍ í sambandi við útgáfumálin.

Ný kostnaðaráætlun var gerð með tilliti til tilboða sem borist höfðu í filmusetningu og prentun. Kostnaður pr. bók var um kr. 20.000. Áætlað var að safna auglýsingum í bækurnar og er sú söfnun þegar hafin, en óvíst hvenær henni verði lokið þótt augljóst sé að hún má ekki taka of langan tíma.



Þá hefur fræðslunefnd ÍSÍ hlutast til um lán til handa KKÍ að upphæð kr. 30.000. Á nefndin þakkir skildar fyrir margháttaðan stuðning sinn við KKÍ.

Að lokum vill undirritaður færa stjórn KKÍ og framkvæmdarstjóra þakkir fyrir samstarfið á liðnu starfsári.

Gunnar Gunnarsson  
fræðslustjóri.



KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS

REKSTRARREIKNINGUR 1.5 1982 - 30.4 1983

<u>Tekjur:</u>	(skýr.)	
Íslandsmót 1983 .....	(1)	Kr. 72.998
Bikarkeppni KÍ 1983 .....	(2)	" 7.002
Styrkir .....	(3)	" 171.802
Keppnisleyfi .....		" 28.600
Sjónvarpsréttindi .....		" 59.300
Skólamót KÍ 1983 .....	(4)	" 5.950
Lokahóf .....		" 1.050
Vaxtatekjur .....		" <u>3.763</u>
	Tekjur alls	Kr. 350.465
	Rekstrarhalli	" <u>32.615</u>
		Kr. 383.080
		=====

Gjöld:

Styrkur landsliðsnefndar .....		Kr. 130.000
Landshappdrætti .....		" 3.316
Firmakeppni KÍ 1983 .....	(5)	" 7.174
Útbreiðslu- og fræðslumál .....	(6)	" 86.980
Annar rekstrarkostnaður .....	(7)	" 149.043
Vaxtagjöld .....		" 4.877
Afskriftir .....		" <u>1.690</u>
		Kr. 383.080
		=====



KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS

E F N A H A G S R E I K N I N G U R P R. 30. A P R Í L 1983

Eignir:

(skýr.)

Sjóður og bankainnstæður .....		Kr.	15.163
Skuldunautar .....	(8)	"	257.478
Skrifst.húsgögn og áhöld .....	(9)	"	15.216
KKÍ merki .....		"	3.027
Kennslu- og fræðslugögn .....	(10)	"	<u>80.608</u>
		Kr.	<u>371.492</u>
			=====

Skuldir:

Lánadrottnar .....	(11)	Kr.	129.727
Ógreiddir reikningar .....	(12)	"	<u>52.285</u>
		Kr.	182.012
Eigið fé 30.apríl 1983 .....	(13)	"	<u>189.480</u>
		Kr.	<u>371.492</u>
			=====

Við undirritaðir höfum yfirfarið framan-  
skráðan ársreikning Körfuknattleikssambands  
Íslands, sem saminn er eftir bókhaldi þess.  
Álítum við að reikningurinn gefi rétta mynd  
af efnahag sambandsins í lok apríl og veiti  
nægilegar upplýsingar um rekstur þess á  
síðasta starfsári.

Reykjavík, 10.mai, 1983

*Gunnar Gunnarsson*  
*Deildarstjóri*

SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGUM KKI.

(1) Íslandsmót:

Þátttökugjöld .....	Kr. 133.500
Tekjur af leikjum .....	" 48.795
Leikskrá .....	" 22.100
	<u>Kr. 204.395</u>
Mótanefndarkostnaður .....	Kr. 77.623
Húsaleiga .....	" 29.474
Verðlaun .....	" 18.300
Leikskrá .....	" 6.000
	<u>Kr. 131.397</u>
	Kr. 72.998
	=====

(2) Bikarkeppni:

Þátttökugjöld .....	Kr. 39.350
Tekjur af leikjum .....	" 7.717
	<u>Kr. 47.067</u>
Mótanefndarkostnaður .....	Kr. 30.775
Verðlaun .....	" 8.190
Akstur .....	" 1.100
	<u>Kr. 40.065</u>
	Kr. 7.002
	=====

(3) Styrkir:

Styrkur ÍSÍ .....	Kr. 151.550
Kennslustyrkur .....	" 4.252
Styrkur SÍS (áætl.prentun) .....	" 16.000
	<u>Kr. 171.802</u>
	=====



(4) Skólamót:

Pátttökugjöld .....	Kr.	26.750
Dómarakostnaður .....	Kr.	3.780
Verðlaun .....	"	7.020
Umsjón .....	"	10.000
	<u>Kr.</u>	<u>20.800</u>
	Kr.	5.950
		=====

(5) Firmakeppni:

Pátttökugjöld .....	Kr.	4.500
Verðlaun .....	Kr.	1.170
Auglýsingar .....	"	504
Umsjón .....	"	10.000
	<u>Kr.</u>	<u>11.674</u>
	Kr.	(7.174)
		=====

(6) Útbreiðslu- og fræðslumál:

Útbreiðslumál .....	Kr.	16.503
Fræðslumál .....	"	70.477
	<u>Kr.</u>	<u>86.980</u>
		=====

(7) Annar rekstrarkostnaður:

Laun framkvæmdarstjóra .....	Kr.	33.351
Húsaleiga skrifstofu .....	"	16.428
Þinghald, ráðstefnur .....	"	10.091
Aganefnd .....	"	237
Sími, burðargjöld .....	"	18.131
Pappír, prentun, ritföng .....	"	22.320
Árgjald FIBA .....	"	8.518
Akstur .....	"	3.740
Rekstur húsnæðis .....	"	32.504
Gjafir .....	"	500
Ýmis kostnaður .....	"	<u>3.223</u>
	Kr.	149.043
		=====

(8) Skuldunautar:

Ármann .....	Kr.	10.443
Bræður .....	"	1.994
Fram .....	"	1.008
Haukar .....	"	2.079
HK .....	"	500
ÍA .....	"	250
ÍME .....	"	2.188
ÍSÍ .....	"	85.404
ÍBK .....	"	7.596
ÍBH .....	"	12.080
ÍBS .....	"	36.500
KFÍ .....	"	2.188
KR .....	"	612
Reykjaskóli, Hrútaf. ....	"	1.400
UBK .....	"	2.188
UMFG .....	"	7.850
UMF Laugdæla .....	"	2.188
UMF Snæfell .....	"	5.136
UMF Skallagrímur .....	"	15.788
UMF Tindastóll .....	"	1.147

frh.



(8) Skuldunautar frh.:

Vík, Mýrdal .....	Kr.	900
Þór, Akureyri .....	"	650
ÍBR .....	"	31.389
Útist. vegna leikskrár .....	"	17.000
Útist. vegna skólamóta .....	"	5.000
Fyrirframgreidd laun .....	"	4.000
	Kr.	257.478
		=====

(9) Skrifstofuhúsgögn og áhöld:

Skrifst.húsg. og áh. 1/5-82	Kr.	9.706
Keypt á árinu .....	"	7.200
	Kr.	16.906
- afskrifað .....	"	1.690
	Kr.	15.216
		=====

(10) Kennslu- og fræðslugögn:

MB reglur f.f.ári .....	Kr.	8.108
- selt á árinu .....	"	500
Birgðir 30/4-83	Kr.	7.608
Leikreglur f.f.ári .....	Kr.	1.120
Endurmatshækkun .....	"	3.205
	Kr.	4.325
- selt á árinu .....	"	3.325
	Kr.	1.000
Kennsluefni A-stig f.f.ári..	"	845
Endurmatshækkun .....	"	82.440
	Kr.	83.285
- selt á árinu .....	"	11.285
Birgðir 30/4-83	Kr.	72.000
	Kr.	80.608
		=====

(11) Lánadrottnar:

Landsliðsnefnd .....	Kr.	103.825
Dómaranefnd .....	"	23.260
Olympíunefnd .....	"	1.840
ÍS .....	"	20
Valur .....	"	<u>776</u>
	Kr.	<u>129.727</u>
		=====

(12) Ógreiddir reikningar:

Íþróttahús Keflavíkur .....	Kr.	13.585
Ógr. vegna fræðsluefnis .....	"	<u>38.700</u>
	Kr.	<u>52.285</u>
		=====

(13) Eigið fé:

Eigið fé 1.maf, 1982 .....	Kr.	136.450
Endurmatshækkun .....	"	<u>85.645</u>
	Kr.	222.095
- rekstrarhalli .....	"	<u>(32.615)</u>
	Kr.	<u>189.480</u>
		=====

30.000.-  
4000.-  
3000.-  
3000.-



